



Umhverfis- og skipulagssvið - Aðalskipulag og loftslagsmál

Reykjavík, 18. september 2025

USK24060311

EBH

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 18.9.2025 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Stakar húsbyggingar á opnum svæðum (OP15, OP28) - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. september 2025, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. september 2025 á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 vegna stakra húsbygginga á opnum svæðum, ásamt fylgiskjöllum.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Haraldur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu á vettvangi umhverfis- og skipulagsráðs fram breytingatillögu sem tók meðal annars til þess að leyfilegt nýtingahlutfall á lóð vegna bygginga verði 350 fm en ekki 180, heimildir til byggingar húsa til ferðaþjónustu eða útivistar verði rýmri og að heimilt verði að stunda garðyrkju og reisa gróðurhús og verkfærageymslur í því skyni, á þeim frístundalóðum sem skipulagstillagan nær til. Var breytingatillagan felld og sitja fulltrúarnir því hjá við afgreiðsluna.

Ívar Vincent Smárason
e.u.



Reykjavík